

# Fátækrahverfin í Nairóbí

## Fréttabréf

### “Slömmin”



skítum án þess að óhreinka dýru skóna sem keyptir voru fyrir ferðina.

Dagbókarbrot og pistlar frá Kenýaförum gefa ákveðna mynd af “slömmunum”. Upplifunin var ekki sú sama hjá öllum. Sumir reyndu að orða hana til að festa niður á blað veruleikann sem enginn vill finna sig í.

### 5. hefti

#### Í hnotskurn

- ✓ Nemendur ABC skólans á Íslandi fóru í fátækrahverfin í Nairóbí
- ✓ Pistlar og dagbókarbrot frá nemendum skólans

Það er erfitt að lýsa því hvernig tilfinning það er að ganga um í fátækrahverfunum í Nairóbí.

Ljósmyndir gefa það að einhverju leyti til kynna en þeim tekst ekki að fanga alla reynsluna. Það vantar lyktina, þrengslin og klunnalegar tilraunir óreyndra (þ.e. hvítungja) að ganga um í



### Hvernig hefur þú það?

How are you? How are you? How are you? Eins og vel samstilltur kór hrópa börnin í fátækrahverfunum þessi orð hvað eftir annað þegar hvítungjar ganga um svæðið.

Á brosum þeirra má vart



sjá að þarna eru á ferðinni allslaus börn sem flest hver eiga í

vændum ömurlega framtíð.

Lífsleiðinn skín úr sviplausum augum þeirra fullorönu, þeir ungu rétta út höndina í von um ölmusu en litlu börnin vilja vita hvernig við höfum það.

#### Í þessu hefti

Dagbókarbrot	2
...áframhald	2
Vonarlistinn	2
Pistill frá Gumma	3
Pistill frá Melanie	3
“Ég vil læra”	3
Dagbókarbrot	4

## Dagbókarbrot

Að leyfa fólki að lesa dagbókarbrot af kynnum mínum af fátækrahverfum Nairóbí gæti valdið áfalli alls venjulegs fólks sem býr við venjulegan lúxus á Íslandi.

Raunverulegar lýsingar á daglegri tilveru barna, kvenna, manna og dýra þar sem þau síðast nefndu eru þó ofar í virðingargstiganum en konur og börn er tilveran vægast sagt sorgleg á þessum slóðum. Þó virðist sem vonin drjúpi af hverju andliti, þvítík jákvæðni og



bjartsýni virðist stinga fáránlega í stúf við allt umhverfi bárujárnskofanna og saurugu stígana milli híbýla fólks sem eru grálúsug og illa lyktandi.

Í umhverfi þar sem nýfæddum óvelkomnum börnum er fleygt á næsta ruslaug eða jafnvel næsta holræsi, þar sem siður er að lemja börn til hlýðni og þar sem eiginmaðurinn er þung byrði heimilis. Þar sem æðsti draumur barna er að verða „hvítungi (muzungu)“ eða „pilot (svo þau geti flogið burtu)“, þar sem sjálfsagt er að nauðga konum og börnum og þar sem íbúarnir drepa hvern annan sé þeim misboðið. Allt þetta er nánast daglegur viðburður og „kúltúr“ þessa menningarheims.

## ...áframhald

Ég kynntist sögu einnar sannkallaðrar hvunnudagshetju í Nairóbí á dögunum þegar ég heimsótti fábrotið og illa lyktandi heimili hennar til að taka skýrslu af henni og skrá börnin hennar á „vonarlista“ ABC skólans. Af virðingu kalla ég hana Evu.

Eva var að flokka mat þegar við komum, mat sem hún fann á ruslaugunum og orðið matur var óravíddir frá mínum skilninni við þessa sjón, hún á 13 börn á aldrinum 2-16 ára og ekkert

þeirra var í skóla, við skráðum niður nokkur þeirra á aldrinum 5-11 ára. Eva er ótrúlega falleg kona, blíðlynd að sjá og brosti hlýlega og fallega til okkar að maður fann sig máttvana við hennar hnarreista virðuleika. Handleggir og andlit Evu var alsett einkennilegum örur og strikum.

Hún hafði búið við mikið ofbeldi, maðurinn hennar hafði verið mikill harðstjóri og ofbeldismaður og var myrtur af æstum íbúum

fyrir um ári síðan þegar hann var gripinn eftir að hafa nauðgað ungri móður í hverfinu. Ég velti fyrir mér lífi þessarar fallegu margra barna móður og óneitanlega læðist sú hugsun að manni að hugsanlega hafi eitthvað af börnum Evu orðið til við nauðgun. Þetta líf, þetta líf.

Sigrún Jónsdóttir.

## Vonarlistinn

Kanna þarf aðstæður hjá fjölskyldum og fá ýmsar aðrar upplýsingar þegar skrá á börn á „vonarlista“ ABC.

Félagsráðgjafar á vegum Star of Hope í Nairóbí heimsækja fátækrahverfin reglulega. Þar er skráð niður hvernig húsnæði börnin búa í. Venjuleg stærð bárujárnskofanna er í kringum 15 fermetrar, gólfín eru einungis mold, engin aðstaða til að elda

og engin klósett.

Þá eru börnin spurð um hvað þau vilji verða þegar þau verða



eldri. Hjá sumum vantar ekki ekki metnaðinn en einstaka börn vildu verða læknar. Algengara var þó að strákarnir vildu spila fótbolta, sumir vildu verða flugmenn og ein stelpa vildi vera hvítungi. Sum gátu einfaldlega ekki svarað spurningunni.

Fjöldi barna fara á skrá og til að halda vel utan um upplýsingarnar þarf hvert barn að halda á skilti með nafninu sínu.

## Pistill frá Gumma

Það að hafa hlustað á fyrirlestra og horft á myndir og myndbönd af „slömmum“ Afríku er ákveðin upplifun en ansi langt frá raunveruleikanum.

Að upplifa það í verki er ansi mikið annað; að ganga þarna um og horfa á skítinn, drulluna, ruslið og finna lyktina er allt annar handleggur.

Mér finnst endalaus sóðaskapur, maður gengur framhjá eða yfir skítahauga og lyktin er



allsvakaleg. Maður fer um örmjó sund og drullulækur rennur í miðjunni þannig að maður gengur leiðina klovvega yfir síkinu og ef manni verður á í messuni er maður kannski sokkinn upp að hnjám í einhverri leðju sem maður veit ekkert hvað er.

Mér var oft hugsað hvernig hægt væri að fara hér um í myrkri. Það væri vonlaust fyrir okkur gestina nema með gott ennisljós, hvað þá ef væri ausandi rigning líka. Já, þá væri algjörlega öfært nema í vöðlum og þá væri nú lyktin hrikaleg af manni. Að ímynda sér þetta er afar erfitt og að mér finnst það ekki hægt.

Guðmundur Góði.



## Pistill frá Melanie

Mér kom mest á óvart hvað ég „fílaði“ mig vel í slumminu. Þetta var ekki ógeðslegt að mínu mati. Mér fannst miklu verra að sjá það í sjónvarpinu.

Þegar maður er inni í þessu og sér fólk í sínu daglegu lífi brosandí, hlējandi og rosalega „nice“ þrátt fyrir að eiga ekki neitt þá er umhverfið allt í einu ekki svo slæmt. En það er náttúrulega ekki rétt að fólk lifi svona.

Leiðinlegast þótti mér að hjá næstum öllum fjölskyldum sem



við heimsóttum vantaði karlinn. Sumir höfðu látist úr veikindum en flestir bara látið sig hverfa. Rosalega sorglegt að karlar skuli flýja undan ábyrgðinni og skilja konurnar eftir með helling af börnum.

Melanie Stegermann.

## “Ég vil læra”

Götustrákarnir hanga yfirleitt á ákveðnum stað. Þeir “sniffa” lím til að komast í vímu og láta daginn líða án þess að verða hans mikið varir.

Þeir hanga á þessum stað því reglulega mætir Þórunn Helgadóttir, umsjónarmaður Star of Hope í Nairóbí og gefur strákunum að borða. Hér eru þeir nýbúnir að gæða sér á köldum pylsum og brauði.



Þegar tími var kominn að yfirgefa svæðið gáfu nokkrir sig á tal við Þórunni og grátbáðu

hana að taka sig með. “I want to learn” sagði einn þeirra ítrekað er tárin byrjuðu að myndast í augunum.

Sorglegast var að geta ekki tekið piltinn með í för.



Vettvangsferð ABC  
skólans til Kenýa

www.abc.is  
abc@abc.is



## Dagbókarbrot

29. mars 2010.

Við fengum kynnisferð í “slömmun” í dag og það var dálítið skrítið. Strax og við mættum fengum við að fara inn í eitt hús til móður eins barns sem er í Star of Hope. Hálf súrealískt! Gólfíð var bara mold, sama og ekkert pláss og ekkert ljós heldur. Okkur var sagt að sonur hennar hefði gert alla heimavinunna sína þarna áður en hann fékk heimavist. Hvernig er það hægt? Með lítið kertaljós í þessari kompu! Ég þarf að “rótera” á milli stofunnar, herbergisins og eldhússins til að komast yfir sem mest. Og það með nóg af ljósi.

Og ekki batnaði þetta. Næsta heimili var hjá konu (10 barna móður) sem býr í bárujárnskofa með sama og ekkert pláss. Geitin hennar var bundin alveg við innganginn. Fjórir elstu synir

hennar bjuggu í svipað stóru “húsnæði” í um 10 skrefa fjarlægð. Maður þurfti að krjúpa alveg niður til að komast inn.

Og svo var “skítahaugurinn” þarna rétt hjá. Vá maður! Kallað “throwing toilet”; fólk gerir þarfir sínar í poka og fleygir honum svo bara frá sér á þessa hauga. Þetta var svona næstum því bara eins og að vera á tókustað á David Lynch mynd - bárujárnskofarnir bara sett og íbúarnir bara statistar. Reyndar ansi sannfærandi statistar, með fötin og “lúkkið” ansi sannfærandi, en samt bara statistar.

Ég bara skil ekki þennan veruleika! Hvernig heldur fólk áfram að lifa?

31. mars 2010.

En dagurinn í dag var ekkert

smá. Fórum í s.k. “field-work” þar sem við heimsóttum fjölskyldur og tókum niður stöðu mála hjá þeim. Við þurftum að meta hve slæm aðstaðan hjá þeim væri og hvort brýn nauðsyn væri á að koma barninu, eða börnunum, í ABC prógrammið.

Ég sá einn engil í hvítum kjól að nafni Mary. Yfirgefin af móður sinni, ekki vitað hver pabbinn er og amma hennar með hana hjá sér. Stúlkan er HIV smituð og fær engan veginn það sem hún þarf hjá henni. Svo var annar strákur hjá henni, Joseph, en pabbi hans situr í steininum og ekki vitað um mömmu hans. Guttinn sat þarna voða rólegur á meðan við tókum niður upplýsingar og ég starði alltaf á fætur hans - hann var alveg berfættur. Og gólfíð ein drulluhruga.

Oddur Björn Tryggvason.